

voru vistuð á innri vef skóla- og frístundasviðs og þar aðgengileg stýrihópum og skólastjórnendum.

Grunnskólahluti fagskrifstofu SFS er um þessar mundir að undirbúa menntabúðir fyrir fulltrúa allra námssviða, samtals sjö fundi, um námsmat við lok grunnskóla. Hverjum skóla býðst að senda tvo fulltrúa kennara í 10. bekk á hvern fund. Sérfræðingur í námsmati verður með faglegt innlegg og síðan gefst kennurum tækifæri til að deila reynslu og þekkingu sinni. Stefnt er að því að safna saman afrakstri menntabúðanna í sameiginlegan gagnabanka um námsmat við lok grunnskóla.

Öll vinnugögn sem tengjast innra og ytra mati í grunnskólum sem framkvæmt er á skrifstofu SFS hafa verið uppfærð með hliðsjón af ákvæðum nýrrar aðalnámskrár. Sem dæmi um vinnugögn má nefna gátlista um starfsáætlun og skólanámskrá og viðmið og vísbendingar sem notaðar eru til að meta gæði skólastarfsins.

Skólanámskrár grunnskólanna verða innkallaðar vorið 2016 og metnar skv. gátlistum sem útbúnir verða í vetur. Þá fæst væntanlega yfirlit yfir stöðu innleiðingar aðalnámskrárinnar í einstökum skólum og hverfum.